

**Fundargerð 41. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
29. janúar 2020 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

Rut Sigurðardóttir, deildarstjóri frístundadeildar, sat fundinn undir fyrsta dagskrárlið.

1. Heilsueflandi samfélag í Suðurnesjabæ - 2001072

Tillaga um skipun stýrihóps Heilsueflandi samfélags í Suðurnesjabæ. Rut Sigurðardóttir deildarstjóri frístundadeildar sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Afgreiðsla:

Tillaga um skipun stýrihóps samþykkt.

2. Suðurnesjabær - greining rekstrar og starfsemi - 2001070

Minnisblað bæjarstjóra.

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram og samþykkt.

3. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019-2020 - 1910088

Úthlutun byggðakvóta.

Afgreiðsla:

Samþykkt að óska eftir við atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti að þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði, verði fullgilt að fiskiskip sem þar eru skráð og fá úthlutað byggðakvóta, landi afla sem telst til byggðakvóta í öðru byggðarlagi, en til vinnslu í byggðarlaginu Garði.

4. Vatnsveitur og rekstur þeirra - 2001055

Erindi frá samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi rekstur vatnsveita sveitarfélaga.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að taka saman upplýsingar og svara erindinu.

5. Bókasöfn Suðurnesjabæjar - 1906011

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og skólastjóra Sandgerðisskóla.

Afgreiðsla:

Samþykkt að unnið verði eftir tillögum í minnisblaðinu.

6. Safnahelgi á Suðurnesjum 2020 - 1911072

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Afgreiðsla:

Samþykkt að unnið verði eftir tillögum í minnisblaðinu.

7. Könnun á viðhorfi íbúa - 1910006

Niðurstöður úr könnun Gallup á viðhorfi íbúa

Afgreiðsla:

Bæjarráð lýsir ánægju með niðurstöður könnunar Gallup en samkvæmt niðurstöðum hennar eru íbúar sveitarfélagsins almennt ánægðir með þjónustuna. Suðurnesjabær er í öðru sæti á landsvísu varðandi ánægju með þjónustu grunnskóla og hversu vel starfsfólk sveitarfélagsins leysir úr erindum. Niðurstöður könnunarinnar eru áhugaverðar og munu nýtast til að bæta þjónustu sveitarfélagsins enn frekar.

8. Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 2020 - 2001064

Boðun á XXXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. mars 2020.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

9. Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SP - 1902040

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela sviðsstjóra að fylgja minnisblaðinu eftir.

10. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar - 1901001

Tillaga um breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja.

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

11. Fjölskyldusvið starfsmannamál - 1904019

Minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita heimild til að ráða starfsmann í tímabundið starf til afleysinga vegna veikinda.

12. Suðurnesjabær - afskriftir - 2001084

Tillaga um ráðstöfun af niðurfærslureikningi vegna gamalla krafna.

Afgreiðsla:

41. fundur bæjarráðs
30.01.2020

Tillaga um ráðstöfun af niðurfærslureikningi samþykkt.

13. Málþing og ráðstefnur - 1903032

Til kynningar:

a) Local Action. Global Shift ? Living the Sustainable Development Goals - Ráðstefna um loftslagsmál.

b) Innkaupadagur Ríkiskaupa

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 18:00.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
